

Lög

um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð, nr. 111/2016, og lögum um opinber fjármál, nr. 123/2015 (framkvæmd og dagsetningar).

I. KAFLI

Breyting á lögum um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð, nr. 111/2016.

1. gr.

Í stað orðsins „þrjá“ í 5. málsl. 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: tólf.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 4. gr. laganna:

- Á eftir orðunum „tólf mánuði“ kemur: á almanaksári.
- Við bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Verði ávöxtun iðgjalda neikvæð á tímabilinu getur komið til skerðingar sem því nemur.

3. gr.

Við 1. mgr. 5. gr. laganna bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Sækja skal um úttekt á uppsöfnuðum iðgjöldum eigi síðar en tólf mánuðum frá undirritun kaupsamnings. Sama gildir um ráðstöfun iðgjalda inn á lán.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

- Við 3. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Sama gildir um búseturéttarhafa sem hafa nýtt sér ákvæðin til kaupa á búseturétti.
- Í stað orðanna „með umsókn“ í 4. mgr. kemur: eigi síðar en sex mánuðum frá gildistöku laga þessara.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

- Á eftir orðunum „tólf mánuði“ í 1. málsl. 2. mgr. a-liðar 1. tölul. kemur: á almanaksári.
- Við 2. tölul. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Í stað dagsetningarinnar „30. júní 2017“ í 3. málsl. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XVII í lögnum kemur: 30. júní 2019.

II. KAFLI

Breyting á lögum um opinber fjármál, nr. 123/2015.

6. gr.

Í stað orðanna „1. júní 2017 vegna ársins 2016“ í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II í lögnum kemur: 1. júní 2018 vegna ársins 2017.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2017 nema 6. gr. sem öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 1. júní 2017.